



Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun

Borgartúni 21

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 5. júní 2026

Málsnúmer: 202605-0042

BK

Efni: Hróðnýjarstaðir - uppfært áflugshættumat

Vísað er til erindis Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar sem barst þann 21. apríl 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um uppfært áflugshættumat fyrir vindorkuver að Hróðnýjarstöðum og hvort og þá hvernig það breyti fyrri umsögn stofnunarinnar um umhverfismatsskýrsluna. Útreikningar á áflugshættu í umhverfismatsskýrslu miðuðust við að spaðar væru í 25-180 m hæð en í umhverfismatsskýrslunni kom fram að nú stæði til að notast við vindmyllur með spaða í 12,5-167,5 m hæð. Af þessu tilefni óskaði Skipulagsstofnun eftir því að framkvæmdaraðili uppfærði áflugshættumat fyrir fugla í samræmi við það.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir uppfært áflugshættumat og gerir ákveðna fyrirvara við matið:

Í uppfærslunni segir „Við uppfærslu á hættusvæði breytist því þessi liður með þeim hætti að fuglar sem flugu í hæðinni 12,5 – 25 m. eru nú teknir með í útreikningunum en voru það ekki áður, á meðan fuglar sem flugu í 167,5 – 180 m. hæð detta út en voru inni í fyrri mati. Til að ná utan um þetta eru gögn um flughæðir yfirfarin og þeim fuglum sem eru innan nýs hættusvæðis bætt við en þeir sem falla nú utan þess detta út.”

Miðað við að hæsta hæð spaða sé 167,5 þá virðist það vera ansi knappt að mati Náttúrufræðistofnunar að gera ráð fyrir að fuglar á bilinu 167,5-180 m séu utan hættusvæðis. Er nákvæmni hæðarmælinga slík að það þurfi ekki að gera ráð fyrir a.m.k. nokkurra metra skekkju?

Ekki er reiknuð út árekstrarhætta fyrir spörfugla þar sem „*rannsóknir sýna að vindorkuver hafa almennt ekki áhrif á stofnstærðir spörfuglategunda (Chambert et al. 2023).*“

Við lestur á umræddri grein er ekki í fljótu bragði að sjá þessa almennu fullyrðingu um áhrif vindorkuvera á spörfugla. Hér er um að ræða grein þar sem kynnt er aðferðafræði til að meta áhrif dauðsfalla á stofna og tekin dæmi um tvær tegundir, önnur þeirra spörfuglategund sem er algengt fórnarlamb áflugs á vindtúrbínur og er niðurstaðan sú að áhrifin af áflugi eru lítil á stofnstærð hennar samanborið við hina tegundina sem var skoðuð en þó einhver.

Áhrif á stofna spörfugla eru líklega almennt minni en á marga aðra tegundahópa, enda oft um að ræða mjög stóra stofna. Ekki ætti þó að afskrifa möguleg áhrif án haldbærra gagna. Rannsóknir gefa til kynna



að far spörfugla fari að miklu leyti fram á nóttunni^{1,2} sem hlýtur að gera þá berskjaldaða fyrir árekstrum. Þar sem þeir eru litlir, þá er líka hætt á að spörfuglar séu verulega vanmetnir við leit að fuglum sem lent hafa í áflugi.³

„Eins og í fyrra mati eru niðurstöðurnar gefnar upp fyrir birtutíma yfir níu mánaða tímabil frá mars til nóvember. Að mati sérfræðings nrp er ekki rétt að gefa upp niðurstöður fyrir allan sólarhringinn líka þar sem:

- Tegundirnar sem eru á svæðinu eru ekki mjög virkar á næturnar (e. nocturnal)
- Margar tegundanna eru nánast bara virkar á daginn (e. diurnal), þ.á.m. viðkvæmustu tegundirnar örn og himbrimi
- Gagnasöfnun fór fram á daginn og slík gögn á ekki að yfirfæra beint yfir á næturumferð“

Er það rétt skilið að næturumferð sé algjörlega undanskilin í útreikningunum? Ratsjarmælingar sýndu umtalsverða næturumferð, einkum að hausti þegar hún var meiri en að degi til. Þrátt fyrir að ekki sé ljóst um hvaða tegundir sé að ræða er nauðsynlegt að þessi umferð sé tekin til greina eins og hægt er við mat á áflugshættu, þ.e. fjölda fugla sem áætlað er að muni fljúga á mannvirkin. Þá má nefna að himbrimar geta verið á ferðinni í ljósaskiptunum (eigin athuganir undirritaðrar). Er tekið tillit til þess fyrir tegundina?

Uppfært áflugsmat breytir ekki fyrri umsögn Náttúrufræðistofnunar um umhverfismatsskýrsluna. Stofnunin telur enn óvissu ríkja um árangur af mótvægisáðgerðum til varnar áflugi og þá liggja fleiri atriði til grundvallar áleti stofnunarinnar, svo sem rask á gróðri og tap á búsvæðum fugla.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir

Líffræðingur

¹ Cooper, N.W., Dossman, B.C., Berrigan, L.E., Brown, J.M., Brunner, A.R., Chmura, H.E., Cormier, D.A., Bégin-Marchand, C., Rodewald, A.D., Taylor, P.D. and Tonra, C.M., 2023. Songbirds initiate migratory flights synchronously relative to civil dusk. *Movement Ecology*, 11(1): 24.

² Mills, A.M., Thurber, B.G., Mackenzie, S.A. and Taylor, P.D., 2011. Passerines use nocturnal flights for landscape-scale movements during migration stopover. *The Condor*, 113(3): 597-607.

³ Ponce, C., Alonso, J.C., Argandoña, G., García Fernández, A. and Carrasco, M., 2010. Carcass removal by scavengers and search accuracy affect bird mortality estimates at power lines. *Animal Conservation*, 13(6): 603-612.